


Leikskólinn Örk

Ársskýrsla

2022-2023




Leikur einn
LEIKSKÓLINN ÖRK

Samskipti, virðing og samvinna.

September 2023

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, skólastjóri Arkarinnar

Efnisyfirlit	
Um leikskólann	3
Skipulag.....	4
Börn.....	4
Starfsmenn.....	5
Starfsdagar.....	7
Náms og kynnisferð til Hollands.....	8
Foreldrasamstarf.....	9
Bókasafn.....	10
Félags og skólaþjónusta.....	10
Sérkennsla.....	11
Innra mat	11
Mat á skólaári.....	12
Umbótaáætlun.....	14
Yfirfara þarf:	14
Lokaorð	14



Um leikskólann

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Örk. Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd sveitarstjórnar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Leikskólinn Örk er fimm deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli í fjórum húsum. ein deild er í Hvolnum og önnur deild í félagsmiðstöðinni. Starfsmannaaðstaða var á kaffisenunni en færðist í nóvember í færanlega kennslustofu við Hvolsskóla. .

100 börn stundaðu nám við leikskólann í vetur þegar flest voru og var síðasta aðlögunin í lok apríl 2023

Í starfi leikskólans leggjum við áherslu á frumkvæði einstaklingsins og leikgleði undir kjörorðinu „Leikur einn“. Gildi leikskólans eru samskipti, virðing og samvinna.

Leikskólinn vinnur eftir Hugsmíðahyggju. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum heldur að barnið tileinki sér þekkingu og skilning.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða börnin leitandi og gagnrýnin, kunna að leita lausna og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati.

Þegar við skilgreinum hugtakið hugsmíðahyggja, gerum við það út frá því:

- að nám einkennist afvirkni barnanna
- að börnin byggji upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þau lifa í
- að börnin vinni lausnamiðaða verkefnavinnu ýmist ein eða í hópi
- að börnin noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu.



Skipulag

Dagskipulag er mismunandi eftir deildum.
Grunnskipulag leikskólans er það sama: :

7:45 Leikskólinn opnar
8:15 Morgunmatur
10:00 Hópastarf
11:10 Yngri börnin borða hádegismat
11:30 Eldri börnin borða hádegismat
12:00 Allir í hvíld
13:00 Leikur
14:30 Síðdegishressing
16:15 Leikskólinn lokar

Börn

Í vetur voru 100 börn í vistun í leikskólanum þegar mest var.

Börn voru aðlöguð í kringum 12 mánaða aldur og síðasta aðlögun var í lok apríl 2023.

Í leikskólanum voru

- 19 börn á Undralandi fædd 2016.
- 22 börn á Ævintýralandi fædd 2019 og 2020.
- 25 börn á Tónalandi fædd 2018 og 2019.
- 17 börn á Draumalandi fædd 2020 og 2021
- 17 börn á Óskalandi fædd 2021 og 2022

-

Skóli	Fjöldi nemenda	Samtala barngilda	Heil barngildi	Dvalargildi	Deildargildi	Hluti af heild
1. Júní 2023	100	120,20	117,84	942,69	4,91	8,82%
1. Maí 2023	100	120,20	117,84	942,69	4,91	8,82%
1. Febrúar 2023	94	109,20	109,07	872,59	4,54	8,29%
1. Október 2022	85	94,20	94,43	755,40	3,93	7,50%
Samtals	1134	1.342,20	1.327,30	10.618,41	55,30	100,00%

Í maí 2022 útskrifuðum við 19 nemendur frá okkur af fyrsta skólastigi. Einnig fóru þau í útskriftaferð ásamt kennurum deildarinnar og heppnaðist sú ferð mjög vel. Börnin glöð í dagslok.

Þetta skólaárið var um 35% fjöltyngi meðal barna í leikskólanum.

Starfsmenn

Vel gekk að manna leikskólann haustið 2022. Leikskólinn var fullmannaður og gat því vel tekið við þeim fjölda barna sem áætlað var að yrði í leikskólanum þetta skólaárið. Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahópnunum þennan veturinn og þurfti starfsfólk að færa sig á milli deilda á miðju skólaári. Starfsfólk var mjög jákvætt fyrir þeim breytingum og raski sem því fylgdi. Einnig var aðeins um langtímaeikindi hjá starfsfólki og þurfti því að ráða í tímabundnar stöður.

Stytting vinnuvikunnar var óbreytt frá fyrra ári og er þannig uppsett að starfsmaður safnar 2 klst í vikulega styttingu og eina klst í söfnunarstyttingu. Þannig er reynt að koma til móts við fjölbreyttan hóp starfsmanna sem hafa mismunandi þarfir.

Þetta skólaárið vorum við með 4 nema í háskólanámi. 3 namar í leikskólakennarafræðum og 1 í sálfræðinámi. Vel gekk að manna það.

Við fundum þennan veturinn hversu erfitt er að vera í mörgum húsum á sitt hvorum staðnum. Starfsfólk var duglegt að hittast eftir vinnu og skemmta sér saman. Eins var „feitur“ föstudagur einu sinni í mánuði sem deildar sáu um. Þá hittist starfsfólkið í stóra salnum í Hvolnum og á Litla Dímon og átti góða stund saman.

Starfsfólk var mjög lausnamiðað í starfi sínu og var ákveðið að vera dugleg að prófa nýja hluti með börnunum sem væri hægt að nýta í starfinu þegar við flytjum í nýtt húsnæði leikskólans. Við fórum í vettvangsheimsóknir í nýja byggingu og var mikil spennan fyrir flutningum. Það var viss eftirvænting þegar við fórum að gera hluti í „síðasta“ skiptið. Starfsfólk var þreytt þegar kom að sumarfrí en mikill spenningur í bland við þreytu að þessum kafla væri lokið og við myndum öll mæta í sömu byggingu eftir sumarfríð.

Í júní var verkfall félagsmanna FOSS og varð skerðing á opnunartíma deilda. Mismikið á milli deilda en misjafnt var hversu margt starfsfólk úr öðrum stéttafélögum var á hverri deild. Stóð verkfallið í viku og var mikil gleði þegar náðist að semja og allt komst í samt lag aftur.

Þetta skólaárið þurftum við að manna þrjár 100% stöður vegna kjarasamningsbundins undirbúnings kennara og annars háskólamenntaðs starfsfólks. Erum við kominn með tæplega 50% faghlutfall innan starfsmannahópins svo við nálgumst óðfluga að 2/3 starfsfólks sé kennaramenntað eins og stendur í lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.

Starfsmenn skólaárið 2022-2023

Nafn	Starfsheiti	Vinnuhlutfall
Ana Lúcia Abranja Moita	Leiðbeinandi	80,00%
Andrea Hrund Bjarnadóttir	Aðstoðarleikskólakennari	100,00%
Anika Katharina Wiest	Íðjuþjálfari / sérkennsla – í fæðingarorlofi	75,00%
Anna Kristín Helgadóttir	Deildarstjóri	100,00%
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir	Leikskólalíði	37,50%
Árný Jóna Sigurðardóttir	Deildarstjóri	100,00%
Ásta Sveinbjörnsdóttir	Leiðbeinandi – hætti 1. febrúar 2023	50,00%
Deimanté Gustiené	Leiðbeinandi – hófstörf 1. febrúar 2023	100,00%
Emese Daszkiewicz-Gönczy	Háskólamenntaður starfsmaður	100,00%
Eyrún Elvarsdóttir	Leiðbeinandi / nemi í þroskaþjálfunarfæðum, fór í fæðingarorlof í maí 2023	100,00%
Fannís Hjálmarsdóttir	Háskólamenntaður starfsmaður - byrjaði í maí fram að sumarfríi	100,00%
Gréta Helgadóttir	Yfirmaður sérkennslu	70,00%
Harpa Sif Þorsteinsdóttir	Deildarstjóri	100,00%
Helga Bergsdóttir	Grunnskólakennari	75,00%
Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir	Leiðbeinandi / nemi í leikskólakennarfæðum	100,00%
Hildur Tryggvadóttir	Leiðbeinandi / nemi í leikskólakennarfæðum	100,00%
Högni Þór Þorsteinsson	Leiðbeinandi – hætti 1. maí 2023	75,00%
Judit Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Justyna Broniszewska	Leikskólakennari	100,00%
Justyna Lis	Leikskólakennari	92,50%
Justyna Ziolkowska	Leiðbeinandi – hófstörf 1. janúar 2023	100,00%
Karítas Björg Tryggvadóttir	Deildarstjóri / nemi í leikskólakennarfæðum	100,00%
Kolbrá Lóa Ágústadóttir	Leiðbeinandi – hófstörf 1. febrúar 2023 fram að sumarfríi 2023	60,00%
Kristrún Halliwell	Leiðbeinandi – hófstörf 1. febrúar 2023	100,00%
Leó Snær Konráðsson	Leiðbeinandi / nemi í sálfræði	100,00%
Marzena Danuta Sobocka	Leikskólakennari	100,00%
Olga Vassiljeva	Leiðbeinandi / fór í veikindaleyfi í febrúar	100,00%
Sarah Maagaard Nielsen	Leiðbeinandi	50,00%
Sigríður Lóa Gissuradóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir	Skólastjóri	100,00%
Stefán Bjarki Smáráson	Leiðbeinandi	100,00%
Unnur Óskarsdóttir	Deildarstjóri	100,00%
Valborg Jónsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	100,00%
Vera Lucia Abranja Dos Santos	Leiðbeinandi	100,00%
Wiktoría Mank	Aðstoð í eldhúsi	100,00%
Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir	Deildarstjóri útikennslu	100,00%
Þórdís Ósk Ólafsdóttir	Leiðbeinandi – hætti 1. mars 2023	100,00%
Þórey Þorkelsdóttir	Leiðbeinandi – hætti 1. maí 2023	50,00%
Þórunn Jónsdóttir	Leikskólakennari	100,00%

Símenntunaráætlun /starfsþróun

Starfsfólk tekur þátt í námskeiðum á starfsdögum auk þess sem allir starfsmenn fara á Haustþing starfsmanna leikskóla á hverju hausti.

Skólaþjónusta Rangánvalla- og vestur Skaftafellssýslu hefur undanfarin ár verið með námskeið fyrir starfsfólk leikskóla. Nokkrir starfsmenn sóttu námskeið á þeirra vegum í vetur.

Starfsfólk var duglegt að sækja sér námskeið bæði í fjarfundabúnaði og þegar tækifæri gafst að fara t.d. til Reykjavíkur á námskeið.

Einhverjir starfsmenn hafa einnig sótt sér námskeið á eigin vegum t.d. hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Töluvert var um að boðið væri uppá fyrirlestra og námskeið í fjarfundabúnaði og nýttu sér það nokkrir starfsmenn leikskólans.

Við nýttum okkur fagfundi og fundi með leiðbeinendum að vera með t.d. fyrirlestur frá Halldóru leikskólaráðgjafa um ýmislegt tengt starfinu og svo umræður í lokinn. Þetta mæltist vel fyrir og verður vonandi áframhald á.

Við vorum með fagfundi einu sinni í mánuði og leiðbeindafundi 4 sinnum yfir skólaárið. Þar eru umræður og fræðsla í bland. Skipting starfsfólks var að þeir sem taka laun eftir kjarasamningum KÍ og BHM færu á fagfundi og þeir sem taka laun eftir kjarasamningum FOSS mæta á leiðbeindafundir.

starfsdagar

Þetta skólaár vorum við með 7 starfsdaga ásamt því að loka einn dag vegna haustþings leikskólakennara á Suðurlandi sem haldið var á Hótel Selfossi. Þetta skólaárið fengum við auka starfsdag vegna náms og kynnisferðar starfsfólks til Hollands. Starfsfólk fór til Den Haag í Hollandi og skoðuðum við leikskóla þar, einn alþjóðlegan l

Starfsdagar eru nýttir til undirbúnings á starfi ásamt endurmati á starfi skólaárs. Einnig einkenndust starfsdagar seinniparts skólaárs af skipulagningu flutninga í nýtt húsnæði og þáttum tengdum þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða.

Í vetur vorum við með innleiðingarnámskeið í jákvæðum aga sem er agastefna sem leikskólinn ætlar að vinna eftir.

Til að bregðast við vanda vegna húsnæðisdreifingar var ákveðið að vinna einn starfsdag afsér og sá tímafföldi var nýttur til deildarfundar. Var gerð könnun meðal starfsfólks áður en þessi leið var ákveðin og var 100% svarhlutfall og allir starfsmenn sögðu já.

Starfsdagar:

Dagsetning	Lengd dags	Hvað var gert	Athugasemdir
2. september 2022	8-16	Starfsmannafundur og deildarfundir	
14. október 2022	8-16	Haustþing kennara á Suðurlandi.	
11. nóvember 2021	8-16	Innleiðinganámskeið í Jákvæðum aga	Fyrri hluti
2. janúar 2023		Kosið var um hvort starfsfólk væri tilbúið að mæta utan hefðbundins dagvinnutíma á deildarfundum alls 8 klst yfir skólaárið og vinna afsér einn starfsdag.	Búið að vinna daginn afsér með deildarfundum utan hefðbundins dagvinnutíma
13. febrúar 2023	8-16	Innleiðinganámskeið í Jákvæðum aga	Seinni hluti
19. apríl 2023	8-16	Náms og kynnisferð	Sjá síðar í skýrslu
21. apríl 2023	8-16	Náms og kynnisferð	Sjá síðar í skýrslu
2. júní 2023	8-16	Starfsmannafundur, deildarfundir og tiltekt fyrir flutninga í Ölduna.	

Náms og kynnisferð til Hollands Miðvikudagur 19. apríl.

Hópurinn skellti sér í flug á miðvikudagsmorgni og lent var í Amsterdag. Þaðan var tekinn rúta á hótél í Den Haag. Hópurinn kom sér fyrir á hótélherbergjunum sínum og svo var upplýsingafundur og skoðunarferð tekinn um Den Haag sem Eva ein afskipuleggjendum ferðarinnar hélt. Þar kom í ljós að menntakerfið er allt öðruvísi en á Íslandi t.d. eru börn oft 2-3 daga vistun í leikskóla og leikskólarnir allir einkareknir. Foreldrar eru flestir í hlutastarfi og því er þörfin ekki eins mikil á heilsdagsplássum og hér á landi. Eftir upplýsingfund var frjáls tími til að skoða sig um eða slaka á.

Fimmtudagur 20. apríl

Var tekinn snemma og rúta keyrði okkur að Delft International School. Skólinn er alþjóðlegur fyrir börn á aldrinum 4-6 ára. Áhersla er lögð á fjölmenningu og talar einn kennari á hollensku og annar á ensku til að börnin heyri fleiri en eitt tungumál í dagsins amstri.

Eftir hádegishlé var farið í heimsókn í True Colors leikskólann sem vinnur með 0-4 ára gömul börn. Þar kom ýmislegt á óvart því börnin eru tekinn inn 4 mánaða og er hálfgerð vöggudeild þar inni.

Eftir heimsóknir skelltum við okkur í síkjasiðlingu um Delft og fengum okkur snarl í bátunum.

Föstudagur 21. Apríl

Rúta keyrði hópinn að Kinderopvang Zon leikskólanum sem sérhæfir sig í útinámi ýmiskonar. Einnig leggur leikskólinn mikla áherslu á sköpun í sinni víðustu mynd. Leikskólinn var mjög heimilislegur og fáar reglur að trufla börnin. Leikskólinn var opinn til klukkan 13:00 og þá tekur við lengd viðvera hjá börnum 4 ára og eldri. Við fengum að prófa ýmislegt úr starfinu eins og slökun, klifur í trjám, klappa dýrunum sem voru þarna og margt fleira.

Þetta var leikskólinn sem heillaði okkur upp úr skónum. Við þurftum ekki að greiða fyrir heimsóknina en starfsfólkið vill fá að koma í heimsókn til okkar fljótlega og svo báðu þau okkur um að planta Zon plöntu á útisvæðinu okkar. Við munum planta tré á nýrri leikskólalóð leikskólans Öldunnar eftir opnun.

Það var margt sem hægt er að læra af leikskólastarfi í Hollandi og það var fróðlegt að sjá hvernig aðrir sinna leikskólastarfi í miklu fjölmenningsarsamfélagi sem Holland er í heild sinni.

Eftir að við komum til baka var unnið úr ferðinni og hvaða lærdóm við fengum á starfsmannafundi og fagfundi eftir ferð.

Dagur leikskólans

Gefið var út myndband úr starfi leikskólans og einnig minnst á að 50 ár eru síðan kvenfélagið Eining opnaði sumardvöl á Hvolsvelli.

Fengum okkur ís og horfðum á mynd á deildum.

Foreldrasamstarf

Deildarstjórar senda reglulega frá sér fréttabéf til foreldra í tölvupósti og eins eru fréttir og tilkynnar settar á heimasíðu leikskólans. Karellen appið er nýtt til að koma upplýsingum til foreldra og foreldrar geta einnig haft samband til starfsmanna.

Foreldrakynningar eru haldnar af deildarstjórum að hausti. Þar er starfsemi deilda kynnt og foreldrar geta spurt um ýmsa þætti leikskólastarfsins.

Þegar barn byrjar eru foreldrar boðaðir í viðtal fyrir leikskólabyrjun barns og þar er starfið kynnt og foreldrar koma fram með upplýsingar um barnið. Fjórum til sex vikum eftir að aðlögun líkur eru foreldrar boðaðir í örnefntal þar sem þeir eru spurðir út í upplifun sína af leikskólabyrjun barnsins. Þær upplýsingar eru svo nýttar til að efla enn frekar aðlögun barna ef þurfa þykir.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og einnig var send út foreldrakönnun annað hvert ár. Deildarstjórar eru til í viðtöl og spjall við foreldra á öðrum tímum ef eitthvað þarf að ræða. Einnig eru skólustjórnendur til staðar ef eitthvað er á opnunartíma leikskólans.

Bókasafn

Í upphafi haustannar fengum við bókakassa í öll húsin. Þar geta börn og foreldrar tekið bók / bækur heim, lesið hana/ þær og skilað henni þeim aftur í kassann.

Félags og skólaþjónusta

Við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfaði Þórunn Jóna Hauksdóttir stjórnandi og kennsluráðgjafi grunnskóla fram að áramótum og Svava Davíðsdóttir framkvæmdarstjóri félags og skólaþjónustu frá áramótum og Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi.

Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskóla, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna uppeldisráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymum.

Haldóra Guðlaug leikskólaráðgjafi kom í leikskólann einu sinni í viku og sinnir þar ráðgjöf og teymisvinnu til foreldra og starfsfólks.

Boðið var upp á ráðgjafadag hjá sálfræðingi Sálstofunnar fyrir foreldra og starfsmenn reglulega yfir skólaárið.

Áfram voru fundir í nemendaverndarráði leikskólans ásamt, skólaþjónustu, félagsþjónustu og heilsugæslunni. Gengu þeir vel og eru í raun hluti af innleiðingu á lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021086.html>

Sérkennsla

Í sérkennsluteymi leikskólans þetta skólaárið voru tveir starfsmenn 1,4 stöðugildi.

Börn hafa annaðhvort fengið íhlutun í formi einstaklingsvinnu eða í hópavinnu á deild. Hóþþjálfun á deildum felur í sér að sérkennarar eru hluti af deildinni og taka nokkra einstaklinga saman í t.d fínhyrfivinnu, spilastund, lestrarstund, félagsfærniæfingar og þess háttar, allt eftir þörfum einstaklinga í hvert sinn. Lögð er áhersla á að börnin eru ekki tekin út af deild nema að brýn nauðsyn væri til og helst unnið með börnin í gegnum leik inná deildum eða á sameiginlegu svæðunum.

Innra mat

Innra mati leikskóla er ætlað að meta starf leikskólans.

Með innra mati er leikskólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmunum barna að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Foreldraviðtöl fóru fram að hausti og vori og sáu deildarstjórar að mestu um þau viðtöl.

Tekin voru starfsmannasamtöl við alla starfsmenn að hausti en náðist ekki að vori vegna ýmissa þátta. Nokkrir starfsmenn nefndu þó að þeir vildu breyta til, ýmist fara á eldri eða yngri deild. Reynt var að taka tillit til þessa eins og hægt var við uppröðun á deildir fyrir næsta vetur.

Sjálfsmatsteymi fór yfir innra mat byggt á ytra mati sem við staðfærðum fyrir leikskólann og þær áherslur hér, sjá slóð :

https://reykjavik.is/sites/default/files/3_vidmid_med_matsblodum_-_lokautgafa_0.pdf

Notuðum niðurstöður úr matslistunum til að vinna áfram og hafa grunn í innra mati leikskólans. Áfram verður unnið með þetta og næst er áætlað að allir starfsmenn fylli út matslistana til að sjá hvar þarf að bæta í og hvar er leikskólinn að vinna framúrskarandi starf.

Hluti af innra mati er :

- Foreldrakönnun annað hvert ár
- Foreldraviðtöl, 2x á ári og einnig eru viðtöl við foreldra 6 vikum eftir að aðlögun barna þeirra líkur
- Starfsmannakönnun annað hvert ár
- Starfsmannaviðtöl, 2x á ári að hausti og vori.

- Tengslahringur sem starfsfólk fyllir út og farið er yfir niðurstöður með leikskólastjóra
- Fundir – deildarfundir, deildarstjórafundir, fagfundir, fundir með leiðbeinendum, teymisfundir, fundir með sérkennslu ofl.
- Sameiginlegir fundir á Skólasvæði Rangárbings og vestur skaftafellssýslu þ.e. leikskólastjórafundir, sérkennslufundir, deildarstjórafundir ofl.
- Ofi

Mat á skólaári

- Skólaárið hófst í ágúst með aðlögunum nýrra barna. Búið var að færa á milli deilda fyrir sumarfrí og því komu börnin á sínar deildar eftir sumarfríið.
- Töluvert var um veikinda á starfsfólki og óvenjumikið um langtímaveikindi. Það þurfti því að bregðast við með því að ráða inn tímabundið.
- Við byrjuðum á að fá innleiðinganámskeið í jákvæðum aga þannig að allir hefðu sama grunn áður en við færum í að innleiða jákvæðan aga inn í skólastarfið. Eftir námskeið var skipað innleiðingateymi innan leikskólans sem skipuleggur innleiðingu og heldur utan um innleiðingaferlið
- Áfram var unnið að innleiðingu á handbókinni Snemmtæk íhlutun í máli og læsi og reynt að festa vinnubrögð í sessi innan leikskólans þvert á deildar. Gekk það ágætlega og var farið yfir næstu skref á starfsmannafundum.
- Börnin fengu að velja hvað þau vildu gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Gekk mjög vel hjá börnunum að velja hvað þau langaði að gefa foreldrum sínum.
- Þennan veturinn þurftum við að loka deildum hálfan dag fjórum sinnum og alltaf á miðvikudögum sem virtist erfiðastur að manna þennan veturinn. Börn voru send heim af einni deild í hvert sinn. Til er faliðunaráætlun sem við förum eftir ef ekki tekst að tryggja næga mönnun innan leikskólans og öryggi barna er ekki tryggt.

Skólaárið 2022-2023 var áætlað að klára uppfærslu á skólanámskrá ásamt því að klára fimm ára áætlun um innra mat leikskólans. Sett var saman teymi til að vinna að innra mati í leikskólanum. Í teyminu sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, yfirmaður sérkennslu og deildarstjórar. Farið var yfir eftirfarandi þætti í gátlistum og unnið út frá þeim.

1. stjórnun
2. uppeldis og menntastarf
3. mannauður
4. leikskólabragur
5. innra mat.

Gátlistarnir voru fylltir út með eftirfarandi að leiðarljósi:

Vísbendingar

A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.

B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C) Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.

D) Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Listarnir komu ágætlega út þó ýmislegt mætti laga og er verið að undirbúa næstu skref í innra mati byggt á niðurstöðum úr gátlistunum.

(leikskólinn Örskólaárið 2022-2023)

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðgangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námsvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar / skóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Næstu skref er að fylla út gátlistana með öllu starfsfólki þegar við erum flutt í nýtt húsnæði og setja þá þætti sem eru gulir í gátlistunum í umbótaáætlun. Einnig þarf að huga að ljósgrænu þáttunum í niðurstöðum gátlistanna til að bæta enn frekar gæðastarf leikskólans.

Umbótaáætlun

Yfirfara þarf:

Gátlistana og vinna að úrbótum á þeim. Einnig þarf að yfirfara áætlanir þar sem við erum að flytja í nýtt húsnæði og ýmislegt sem þarf að lagfæra í nýjum aðstæðum.

Það mun svo koma enn betur í ljós þegar við erum flutt hvað þarf að breyta og bæta í leikskólastarfinu enda erum við þá kominn með topp starfsaðstæður

Skýrsla / áætlun	Hver yfir fer
Símenntunaráætlun	Leikskólastjóri
Áfallaáætlun	Áfallateymi
Skólanámskrá	Skólanámskrárnefnd
Handbók um snemmtæka íhlutun í máli og læsi	Handbókarnefnd
Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk	Stjórnendur
Gátlista fyrir heilsueflandi leikskóla	Heilsueflingarnefnd
Rýmingaáætlun	Áfallateymi
Öryggishandbók	Öryggistrúnaðarmaður, öryggisvörður og skólastjóri
Stytting vinnuviku	Vinnustyttingarnefnd

Lokaorð

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að við séum að klára síðasta skólaárið í Örkinni. Árið var strembið og starfsfólk þreytt en um leið spennit fyrir komandi breytingum. Veturinn hefur farið í að skipuleggja flutninga, tiltekt og hverju má henda og hverju ekki.

Flestir fóru í náms og kynnisferð til Hollands og var það frábært hópefli í bland við fræðslu og var gott búst inn í komandi skólaár ásamt því að létta fólki lund restina af þessu skólaári.

Verkfall B.S.R.B. bitnaði á skólastarfi leikskólans í byrjun júní og voru misjafnir opnunartímar á deildum en það fór eftir því hvernig starfsfólk sem ekki var í verkfalli raðaðist á deildar. Sem betur fór samdist fljótt eftir að verkfallið skall á okkur. Það var ekki auðvelt fyrir þá sem eftir sátu og ekki var það auðveldara fyrir starfsfólk í verkfalli sem þurfti að sinna verkfallsvörslu. Það vönduðu sig allir til að hlutirnir gengju sem best fyrir sig í erfiðum aðstæðum.

Að það hafi gengið vel að manna leikskólann frábæru starfsfólki er ekki sjálfgefið og erum við heppinn með starfsmannahópinum í heild.

Við kveðjum Örkina og tókum fagnandi á móti Öldunni sem á eftir að aðstoða okkur við að gera frábært starf innan leikskólans enn betra.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, skólastjóri leikskólans Arkar.